

## Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 25/2004.

### Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 25/2004 vegna kæru A, fh. B vegna synjunar endurgreiðslu virðisaukaskatts við innflutning á bátum.

Embætti tollstjórans í Reykjavík barst kæra dags. 9. nóvember 2004 þar sem A kærir fh. B til úrskurðar skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 ákvörðun endurskoðunardeildar embættisins dags. 27.09.2004, að ekki sé heimild skv. 1. tl. 13. gr. reglugerðar 797/2000 til niðurfellingar virðisaukaskatts við innflutning á 3 bátum sem fluttir voru inn af fyrirtækinu B í sendingu númer **S HEG 07 01 4 NL RTM W123**.

#### I

Í kæru er vísað til þess að um sé að ræða innflutning á bátum sem falla undir skilgreiningu 6. tl. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 1. tl. 13. gr. rg. nr. 797/2000. Í kæru segir að bátarnir hafi verið smíðaðir á Írlandi fyrir fyrirtækið í atvinnuskyni og hafi verið notaðir í vísindaskyni hér á landi í sumar sem leið með því að kannaðar hafi verið aðstæður í nokkrum vötnum, tegundir og ástand fiska, í því skyni að kanna hvort grundvöllur væri fyrir bátana í atvinnuskyni. Því er alfarið hafnað að um skemmtibáta sé að ræða og að umræddir bátar hafi ekki verið fluttir inn í því skyni. Þess er krafist að fyrrgreind afgreiðsla verði tekin upp og þess krafist að álagning virðisaukaskatts verði felld niður.

#### II.

Um er að ræða 3 báta sem samkvæmt vörureikningi eru Corrib Lake Boat L.O.A. 6.21 m. Beam 1.55m. Á aðflutningsskýrslu var þess krafist að virðisaukaskattur yrði felldur niður með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 797/2000. Endurskoðunardeild tollstjóraembættisins óskaði eftir nánari skoðun á bátunum. Niðurstaða þeirrar skoðunar var „3 stk. *dæmigerðir vatnabátar fyrir utanborðsmótor*” með skoðunarskýrslu fylgdi mynd af bátunum í gámi. Samkvæmt skoðunarskýrslu skal tollflokka bátana í tollflokk 8903-9909. Fyrirtækið sendi mynd af samskonar báti sem staðsettur er við vatn eða á, ásamt veiðimanni. Niðurstaða endurskoðunardeildar byggir á fyrirliggjandi gögnum og á 1. tl. 13. gr. reglugerðar 797/2000.

#### III.

Samkvæmt 1. tl. 13. gr. rg. 797/2000 skulu undanþegin virðisaukaskatti við innflutning, loftför og skip, þó ekki skip sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibátar eða einkaloftför. Í rökstuðningi kæru er vísað til framangreinds ákvæðis og þess að bátarnir hafi verið notaðir til vísindarannsókna. Í þessu ákvæði eru engar heimildir til niðurfellingar á virðisaukaskatti vegna vísindarannsókna.

Í kæru er einnig vísað til ákvæðis 6. tl. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt Tilvitnað lagaákvæði er í VI. kafla laga um virðisaukaskatt og er fyrirsögn kaflans „*Skattskyld velta*” og fyrirsögn 12. gr. er *Til skattskyldrar veltu telst ekki :síðan segir í 6. tl. „Sala og útleiga loftfara og skipa. Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta eða einkaloffara.”* sbr. 41. gr l. 111/1992.

## VI

Samkvæmt aðflutningsskýrslu tollflokka fyrirtækið umrædda báta í tollflokki 8903-9200. Í flokki 8903 falla samkv. tollskrá; Snekkjur og önnur skemmtiför; árabátar og kanóar. Af því má ráða að fyrirtækið telur við innflutning að um skemmtiskip sé að ræða.

Í ákvæði 1. mgr. 13. gr. sem fyrirtækið vísar til í rökstuðningi sínum til niðurfellingar á virðisaukaskatti er tilgreind lengd þeirra skipa sem undanþága getur átt við. Á það er þó ekki minnst í rökstuðningi kæru. Bátarnir eru samkvæmt vörureikningi 6.12 m að lengd, en ekkert er í gögnum málsins sem gefur til kynna að bátar þessir séu til annars ætlaðir en skemmtisiglinga. Fyrirtækið B hefur samkvæmt þjóðskrá með rekstur ferðaskrifstofu og ferðaþjónustu að gera. Vörureikningar eru stílaðir á innflytjanda B sem bendir til þess að um veiðifélag sé að ræða. Engin gögn hafa verið lögð fram um rannsókn- eða vísindaverkefni á vegum B og ekki verður séð að starfsemi þess tengist öðru en frístundaiðkunum.

Með vísan til þess sem að framan er greint og ákvæða 6. tl. 1. mgr. 12. gr. 1. nr. 50/1988, með síðari breytingum og 1. mgr. 13. gr. rg. nr. 797/2000, sem segja að virðisaukaskattur skuli ekki felldur niður af skemmtibátum og hefur lengd þeirra ekki áhrif á hvort um skemmtibát er að ræða eða ekki, er ekki fallist á að fyrirtækið B eigi rétt til niðurfellingar á virðisaukaskatti við innflutning umræddra báta.

### Úrskurður:

Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðar skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum að hafna skuli kröfu A, fh. B um niðurfellingu virðisaukaskatts af þremur vatnabátum í sendingu nr. **S HEG 07 01 4 NL RTM W123**.

Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til Fjármálaráðuneytisins Arnarhváli, 150 Reykjavík og er kærufrestur 60 dagar frá póstlagningardegi þessa bréfs sbr. 1. mgr. 102. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og 2. mgr. 36. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 með síðari breytingum.

Reykjavík 15. desember 2004.